

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2023

2023/EES/81/42

frá 28. apríl 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2227 frá 14. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar kröfur varðandi starfrækslu í skertu skyggni og varðandi þjálfun til blindflugs- og tegundaráritunar í þyrllu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66ne (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 2227**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2227 frá 14. desember 2021 (Stjtið. ESB L 448, 15.12. 2021, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/2227, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 448, 15.12.2021, bls. 39.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.